

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 189/2013**

2014/EES/19/11

**frá 8. nóvember 2013**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 59/2013 frá 23. janúar 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið mónensín <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 115/2013 frá 8. febrúar 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið díklasúrfl <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 116/2013 frá 8. febrúar 2013 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið eprínómektín <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0059**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 59/2013 frá 23. janúar 2013 (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 21),
- **32013 R 0115**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 115/2013 frá 8. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 11),
- **32013 R 0116**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 116/2013 frá 8. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 59/2013, (ESB) nr. 115/2013 og (ESB) nr. 116/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 14.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pórir Ibsen***

formaður.